

**Nd.** **537. Frumvarp til laga** [139. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátautvegsins.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 17. gr. laganna bætist svo hljóðandi

**Ákvæði um stundarsakir.**

Lög nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingafélag, skulu koma til framkvæmda af nýju og gilda frá 1. jan. þ. á. til ársloka 1952 um tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, sem tók til starfa þar árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Árið 1939 tók til starfa tryggingasjóður sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík. Hefur hann starfað síðan og mun vera eini tryggingasjóður þessa eðlis á öllu landinu. Hlutverk hans hefur frá upphafi verið að bæta aflahluti. Fram til ársins 1948 starfaði sjóðurinn aðeins með eigið fé, sem var 2% af óskiptum afla allra báta í Bolungavík á þorskveiðum.

En árið 1948 var reglugerð sjóðsins breytt til samræmis við l. nr. 109 30. des. 1943, um hlutatryggingasjóði, en samkvæmt þeim bar ríkissjóði að greiða 0.7% af aflaverðmæti til hlutatryggingafélaga gegn jafnmiklu framlagi sjómanna og útgerðarmanna, sem stóðu að hverju einstöku félagi. Jafnframt féllst Alþingi á, að ríkissjóður skyldi greiða tryggingasjóði Bolvíkinga framlag samkvæmt þessum lögum fyrir árin 1944—47. Eun fremur hefur ríkissjóður greitt sjóðnum slíkt framlag fyrir árin 1948 og 1949. Með stofnun hins almenna hlutatryggingasjóðs bátautvegsins samkv. l. nr. 48 25. maí 1949 voru lög nr. 109 30. des. 1943 numin úr gildi. Missti tryggingasjóður sjómanna og útvegsmanna í Bolungavík því af stuðningi þeim, sem hann hefur notið samkvæmt þeim.

Nú er það hvort tveggja, að hinn almenni hlutatryggingasjóður bátautvegsins er ekki tekinn til starfa, og eins hitt, að það er áform Bolvíkinga að halda áfram starfsemi tryggingasjóðs síns jafnhliða því, sem þeir vilja taka þátt í starfsemi hins nýja sjóðs.

Þetta frv. fer því fram á það, að l. nr. 109 30. des. 1943 skuli koma til framkvæmda að nýju og gilda fyrst um sinn í þrjú ár, eða til ársloka 1952, um tryggingasjóð Bolvíkinga.

Hér er um sanngirnismál að ræða. Bolvíkingar urðu fyrstir Íslendinga til þess að taka upp hlutatryggingar og hafa þannig unnið merkilegt brautryðjendastarf í þessum efnun. Það er eindregin ósk þeirra að halda starfsemi sjóðs síns áfram jafnhliða hinum almenna hlutatryggingasjóði.

Þess skal getið, að þetta mundi baka ríkissjóði sáralitil útgjöld. Sést það bezt af því, að árin 1944—47 nam framlag ríkissjóðs til sjóðsins aðeins rúmum 45 þús. kr. samtals. Árin 1948—49 nam það rúmlega 27 þús. kr. samtals fyrir bæði árin.